

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 49/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/53/EB frá 29. ágúst 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga III. viðauka við hana að tækniframförum ⁽²⁾, ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 22, 25.1.2008, bls. 21.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/54/EB frá 29. ágúst 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. og III. viðauka við hana að tækniframförum ⁽³⁾, ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 258, 4.10.2007, bls. 44.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32007 L 0053:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/53/EB frá 29. ágúst 2007 (Stjtið. ESB L 226, 30.8.2007, bls. 19), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 22, 25.1.2008, bls. 21,
- **32007 L 0054:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/54/EB frá 29. ágúst 2007 (Stjtið. ESB L 226, 30.8.2007, bls. 21), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 258, 4.10.2007, bls. 44.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2007/53/EB og 2007/54/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 226, 30.8.2007, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 226, 30.8.2007, bls. 21.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.